

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 44/1992.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. janúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Þess er ekki óskað, að skaðabótakröfur þær, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Verður þá eigi svo gert, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákærði fékk hinn 4. október 1990 reynslulausn í tvö ár á 240 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar 14. mars 1989. Vegna þeirrar háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, var hann látinn hefja afplánun þeirra eftirstöðva 12. júlí 1991. Samkvæmt upplýsingum Fangelsismálastofnunar ríkisins, sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, lauk þeirri afplánun 8. mars 1992. Refsing ákærða verður því eigi tiltekin samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í

ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 14. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 13/1992: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. desember sl., á hendur ákærða, Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, Hvassaleiti 10, Reykjavík, fæddum 14. apríl 1966, fæðingarnúmer 492.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir skjalafals og fjársvik með því að nota í staðgreiðsluviðskiptum í júní og júlí 1991 í Reykjavík, nema annars sé getið, eftirtalda 36 tékka, sem ákærði gaf ýmist út með fölsuðu undirskriftinni Jón Björn Pálsson eða sinni eigin á stolin eyðublöð úr tékkhefti Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, og notaði í flestum tilvikum reikningsnúmerið 5247, en í nokkrum 1209. Tékkarnir eru allir til handhafa, dagsettir 1991 og flestir með eigin framsali ákærða:

— — —

Telst notkun ákærða á tékkum með fölsuðu undirskriftinni, sem lýst er í tölulíðum 1-17, 22-29 og 31-35, varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en notkun hinna tékkanna við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

— — —

Ákærði gaf síðan út alla þá 36 tékka, sem frá greinir í ákæru, ýmist með eigin nafnritun sem útgefandi eða með fölsuðu útgefandanafnrituninni Jón Björn Pálsson, sem ákærði valdi af handahófi svo og reikningsnúmerin, en þeir fengu flestir númerið 5247, en í nokkrum tilvikum notaði ákærði reikningsnúmerið 1209. Þrjátíu tékkanna, að fjárhæð samtals 199.000 krónur, eru með fölsuðu nafnrituninni, en sex, að fjárhæð samtals 23.000 krónur, með nafni ákærða sem útgefanda.

Ákærði notaði alla tékkana í staðgreiðsluviðskiptum. Keypti hann ætíð eða greiddi fyrir vöru og þjónustu með hluta af andvirði hvers tékka, en afganginn fékk ákærði í peningum, sem hann notaði til kaupa á eiturlyfjum

hjá aðilum, sem hann kveðst ekki þekkja. Ákærði staðfestir, að hann hafi notað þá tékka, sem tilgreindur er notkunarstaður á í ákærinni, á þeim stöðum, sem þar eru tilgreindir. Ákærði telur mögulegt, að hann hafi notað tékkann í 3. lið til greiðslu á leiguakstri að hluta. Tékkauitgáfu ákærða lauk með handtöku hans, þegar hann var að reyna að nota tékkann í 1. lið í verslun Hagkaupa í Skeifunni.

Ákærði falsaði á tékkana í liðum 1-17, 22-29 og 31-35 útgefandanafnið Jón Björn Pálsson, en á hina tékkana notaði hann eigið nafn. Hann framsetti flesta tékkana með eigin nafni. Ákærði notaði reikningsnúmerið 5247 á tékkana í liðum 1-17 og 22-35, en á hina tékkana notaði hann reikningsnúmerið 1209.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir svo og reynslulausn:

— — —

[Ákærði hefur síðan 1983 sætt fimm refsidómum, þar á meðal fyrir skjalfals og þjófnað (1985) og brennu (1988). Honum var 4. október 1990 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 240 dögum.]

Refsing.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Með háttsemi þeirri, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, var ákærði talinn af Fangelsismálastofnun ríkisins hafa rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, sem hann hlaut 4. október 1990, og látinn hefja afplánun eftirstöðva refsingarinnar 12. júlí sl. Verður því eigi í dómi þessum tekin afstaða til þessara eftirstöðva, en höfð hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af öllu framangreindu hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, sæti fangelsi í sjö mánuði.

Ákærði greiði í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá eftirgreindum dögum til greiðsludags:

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.
